

og píndir til þess, að koma þar aldrei nærri, er unitariskar skoðanir væri hafðar um hönd. Innan vorrar lútersku kyrkju hefir ekki á öðru gengið en endalausri svertingu þessara mála. Unitörum hefir verið borið alt illt á brýn. Þeir eiga að vera menn, sem séu í uppreist á móti guði, lánlausir, trúlausir, verri en heiðingjar. Svo langt ganga brigzlyrðin, að þeir eiga að vera komnir svo langt út frá sínu rétta og náttúrlega eðli, að þeir einu sinni giftist ekki, og þá fer nú mörgum að verða nóg boðið og renna kalt vatn á milli skinns og hörunds, er á það hlusta, einkum jórturkerlingum séra Jóns, er vikulega gifta og segja í sundur með öllum ógiftum persónum bæjarins.

Vér þurfum ekki að hrekja neitt af þessum ámælum, því þau eru öll sjálfrakin. Þau eru þessar sínu nýmóðins „sannleiksbrennur.“ En það er að eins eitt, er vér vildum minna ritstjórn á, að hann skuli ekki leika sér að því, að kasta hnútum til vor Unitara í þeirri von, að það sé enginn til, er sent geti hnútum þeim til baka. Flokkurinn er ekki eins fámennur og fyrirlitinn, og ritstj. í hjarta sínu óskar, að hann væri. Hann getur launað fyrir sig og framborið sitt offur á hentugum tíma.

Ofsóknir.

Fullkomin og einlæg trú endar ætíð á ofsóknum. Strax og það er álítið hróplega ranglátt, að hegna mönnum fyrir það, að þeir hafa sérskildar skoðanir, er efinn kominn til sögunnar, hversu óneitanlega sönn sem trúin kann að vera í sjálfu sér. — Hugmynd ofsóknarinnar nær jafnt til allra handa í mannfélaginu. Sé það lífsnauðsynlegt mannfélaginu til viðhalds, að taka mann af lífi fyrir drápsgirnd hans á lifandi líkónum manna, eða gera hann sekan fyrir stuld á því, er viðhaldi þeim og veitti þeim uppeldi, óendanlega nauðsynlegra yrði það þá, að lífláta, að gera landræka, að fjötra þá, sem vér vissum með sanni að væri að eyðileggja sálir hinna fávísu eða ræna þá þeirra dýrmætastu fjársjóðum. En það er vegna þess-hvað sem vér viljum um það segja—Það er vegna þess, að vér vitum það ekki, að vér erum ekki vissir á, hvort þeir séu að fremja þvíslk